

Nd. **753. Frumvarp til laga** [237. mál]
um þýðingarsjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. maí.)

1. gr.

Stofna skal sjóð til þýðinga á erlendum bókmenntum.

2. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hvers árs, þó aldrei lægra en 500 þúsund krónur á verðlagi ársins 1981.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að lána eða styrkja útgefendur til útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslensku máli, jafnt skáldverka sem viðurkenndra fræðiriti.

Greiðslur skulu útgefendur nota til þýðingarlauna.

4. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa 3 menn í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn, einn tilnefndan af samtökum útgefenda, einn tilnefndan af Rithöfundasambandi Íslands og einn án tilnefningar, og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

5. gr.

Veitt skal úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 1983.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við Rithöfundasamband Íslands og samtök útgefenda. Skal þar kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutanir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.